

24.2.2015

Góðan dag.

Hér að neðan er umsögn Landgræðslunnar um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 10. febrúar 2015, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á ofangreindu lagafrumvarpi.

Landgræðslan gerir ekki tillögur um efnislegar breytingar á frumvarpinu, en fagnar því að hert sé á ákvæðum reglna um sinubruna og aðra gróðurelda. Þó er bent á að bruni sinu eftir 1. maí getur verið sérstaklega varhugaverður, bæði plöntu- og dýralífi og að mati Landgræðslunnar er vandséð hverjar ástæður gætu legið til þess að slíkt sérstakt leyfi þyrfti að veita. Landgræðslan leggur á það áherslu að sinubruna sé haldið í lágmarki eins og nokkur kostur er og bendir á að með breyttri landnotkun og aukinni landgræðslu og skógrækt hafa aðstæður breyst á þann veg að hætta á alvarlegum gróðureldum hefur aukist. Dæmi eru um slíka bruna og á þetta er bent í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu.

Að öðru leyti gerir Landgræðslan ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Með kveðju,
f.h. Landgræðslu ríkisins,
Guðmundur Stefánsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs
Landgræðsla ríkisins
Sími 899 3096/488 3050
Netfang gst@land.is